



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

8. apríl, 2020

Ákvörðun nr. 18/2020

Beiðni Gagnaveitu Reykjavíkur ehf. og Mílu ehf. um undanþágu frá samkeppnislögum fyrir lagningu á ljósleiðara

1.

Vísað er til tölvupósts Mílu ehf. (Míla) og Gagnaveitu Reykjavíkur ehf. (GR) til Samkeppniseftirlitsins þann 2. mars 2020 þar sem fram kemur að félögin hafi gert samning um samstarf við lagningu ljósleiðara á Selfossi og Reykjanesbæ. Með tölvupóstinum fylgdi umræddur samningur þar sem fyrirvari er gerður um að Samkeppniseftirlitið samþykki efni hans á grundvelli undanþágubeiðni skv. 15. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005.

Í samningnum kemur fram að markmið með samstarfinu sé m.a. að koma í veg fyrir tvíverknað á framkvæmdasvæðum, stytta verktíma, minnka álag á hverfi og svæði þar sem framkvæmdir fara fram, minnka slysaþættu vegna umferðar íbúa í götum þar sem framkvæmdri verða og þannig tryggja öryggi íbúa. Telja aðilar efni samstarfsins sem samningurinn ná til vera æskilegt og hagkvæmt fyrir samningsaðila, viðskiptavinum þeirra og neytendum.

2.

Forsaga málsins er sú að Samkeppniseftirlitinu barst bréf frá Mílu og GR, dags. 14. mars 2018, þar sem óskað var eftir undanþágu á grundvelli 15. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 frá bannákvæðum 10. og 12. gr. sl. Um var að ræða afmarkað og tímabundið verkefni sem fólst í fyrirhuguðum samningi milli félaganna um framkvæmdir og jarðvegsvinnu í tengslum við lagningu ljósleiðara og kaupskyldu á innviðum og ljósleiðaralögnum á afmörkuðum svæðum á höfuðborgarsvæðinu. Fram kom að hvort fyrirtæki um sig semdi við verktaka um framkvæmdir á viðkomandi svæði og fengi aðgang að upplýsingum um innviði hins fyrirtækisins til þess að skipuleggja framkvæmdir, kanna möguleika á nýtingu annarra innviða, búa til framkvæmdaplan, fá framkvæmdaleyfi og auglýsa framkvæmdir. Við lok framkvæmdastigs skuldbundu aðilar sig til að kaupa á fyrirfram ákveðnu föstu verði hvert inntak ljósleiðaranets sem hinn aðilinn hefði lagt ásamt innviðum þess gegn afhendingu á því. Eftir afhendingu yrði samstarfi aðila á grundvelli samningsins lokið og framkvæmd samkvæmt honum felld niður. Í framangreindu bréfi kom fram að samstarfsverkefnið hefði falist í því að Míla og GR legðu tvö sjálfstæð ljósleiðarakerfi sem yrðu tæknilega aðskilin og sjálfstæð. Hefðu



aðilar fram til þessa hvor um sig byggt upp sjálfstæð ljósleiðarakerfi og lagt ljósleiðara og aðra innviði.

Samkeppniseftirlitið tók framangreinda beiðni Mílu og GR um samstarf við lagningu ljósleiðara á höfuðborgarsvæðinu til rannsóknar og leitaði m.a. sjónarmiða hjá Póst- og fjarskiptastofnun, Sýn hf., Nova ehf., Samtökum aðila er veita Internetþjónustu, Hringiðunni ehf. og Hringdu ehf. Að rannsókninni lokinni veitti Samkeppniseftirlitið umbeðna heimild á grundvelli 15. gr. samkeppnislaga með skilyrðum, sbr. ákvörðun nr. 11/2018, *Beiðni Gagnaveitu Reykjavíkur ehf. og Mílu ehf. um undanþágu frá samkeppnislögum fyrir lagningu ljósleiðara.*

3.

Eftir að hinu afmarkaða samstarfsverkefni lauk á höfuðborgarsvæðinu óskuðu Míla og GR eftir því með bréfi til Samkeppniseftirlitsins, dags. 26. apríl 2018, að fella framkvæmdir sem þá voru fyrirhugaðar í Borgarnesi undir ákvörðun eftirlitsins nr. 11/2018. Var sú beiðni lögð fram á grundvelli þess að tilgangur, tilhögun og skipulag framkvæmda í Borgarnesi væri með nákvæmlega sama fyrirkomulagi og byggt var á í umræddri ákvörðun eftirlitsins. Með bréfi Samkeppniseftirlitsins til Mílu og GR, dags. 8. maí 2018, var eftir nánari skoðun orðið við framangreindri beiðni að fella umræddar framkvæmdir í Borgarnesi undir undanþáguheimild og ákvörðunarorð í ákvörðun nr. 11/2018.

Eftir framkvæmdir í Borgarnesi óskuðu Míla og GR í tölvupósti þann 20. mars 2019 til Samkeppniseftirlitsins eftir undanþágu fyrir samstarfssamningi félaganna á Selfossi. Kom fram af hálfu félaganna að sá samningur sem þá lá fyrir um framkvæmdir á Selfossi væri samskonar og gerður hafi verið á árið á undan í Borgarnesi. Hafi hinn nýi samningur þó aðeins verið lagfærður í þeim tilgangi að taka á praktískum atriðum sem upp hafi komið á í samstarfi félaganna.

Með tölvupósti þann 20. mars 2019 óskaði Samkeppniseftirlitið eftir nánari lýsingu á þeim breytingum sem gerðar voru á hinum nýja samningi um framkvæmdir á Selfossi frá fyrri samningi sem náði til framkvæmda í Borgarnesi. Með tölvupósti Mílu þann 21. mars 2019, og staðfestur var sama dag af GR, kom fram að breytingar varði breytt framkvæmdasvæði og staðfangalista yfir þau heimilisföng sem samningurinn náði til, verð og greiðslur, breytingar á skilfleti aðila og aukinn sveigjanleika vegna þeirra, áherslubreytingar og skýringar á verklagi, minniháttar breytingar á efnisvali og um aðgang GR að ídráttarrörum Mílu.

Með hliðsjón af fengnum upplýsingum frá Mílu og GR veitti Samkeppniseftirlitið, með bréfi, dags. 29. mars 2019, umbeðna heimild fyrir umræddum samstarfssamningi félaganna um framkvæmdir á Selfossi með því skilyrði að umræddar framkvæmdir á Selfossi falli undir undanþáguheimild og ákvörðunarorð í framangreindri ákvörðun eftirlitsins nr. 11/2018.

4.

Eins og framar greinir hefur Míla og GR nú gert nýjan samning sem tekur til framkvæmda um lagningu ljósleiðara á Selfossi, í þeim hverfum sem eftir var að framkvæma, og einnig í Reykjanesbæ. Kemur fram í tölvupósti Mílu og GR að um sambærilega beiðni og



Samningurinn sem áður hefur verið í gildi milli félaganna. Helstu breytingar eru þær að samningurinn sé nú stytur og einfaldaður, breytt framkvæmdasvæði og staðfangalisti, breyting á verði og greiðslum milli samningsaðila, ekki sé sótt um framkvæmdaleyfi í nafni beggja aðila hjá sveitarfélögum og viðbætur gerðar um utanumhald sameiginlegra vinnugagna. Að öðru leyti sé um samskonar samning og áður eins og áður segir.

Með hliðsjón af öllu framangreindu veitir Samkeppniseftirlitið umbeðna heimild með því skilyrði að viðkomandi framkvæmdir á Selfossi og Reykjanesbæ falli undir undanþáguheimild í framangreindri ákvörðun eftirlitsins nr. 11/2018.

5.

Ákvörðunarorð:

Mílu ehf. og Gagnaveitu Reykjavíkur ehf. er veitt undanþága á grundvelli 15. gr. samkeppnislaga nr 44/2005 til að eiga í samstarfi um að nýta sömu framkvæmdir til þess að leggja tvö ljósleiðaranet með þeim forsendum að þau verði tæknilega aðskilin og sjálfstæð og skapi þannig grundvöll til samkeppni um hlutaðeigandi viðskiptavinum. Einnig skulu framangreindir aðilar tryggja að samstarfið einkorðist við þetta og feli ekki í sér neins konar samráð um aðra þætti, s.s. verð eða þjónustu til viðskiptavina.

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson